

## Sjötti fundur haldinn að Breiðabliki miðvikudaginn 12. maí 2021 að Breiðabliki kl. 19:30

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir. Páll Brynjarson og Hlökkver Ingi Gunnarsson sátu undir lið 1 og 2. Sigurður Jónsson sat undir lið 1.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Kynning á vinnu við skýrslu SSV á framtíð Laugargerðisskóla. Á sveitarstjórnarfundum 30. mars síðastliðinn var samþykkt tillaga um að fá SSV til að fara yfir skólamálin fyrir okkur. Páll kynnti vinnu SSV og einnig Hlökkver sem fór yfir faglega þáttinn. Sveitarstjórn á síðan von á endanlegri skýrslu frá SSV fyrir fljótlega. Sveitarstjórn þakkar fyrir góða vinnu og mun taka skýrsluna til efnismeðferðar þegar hún berst.
2. Minnisblað SSV vegna sameiningarmála. Páll fór yfir minnisblaðið en þar kemur m.a. fram að það er alfarið sveitarstjórnar hvort og þá hvert verði leitað ef vilji er til að fara í sameiningarviðræður. Frekari ákvörðunum um málið frestað.
3. Ársreikningar Eyja og Miklaholtshrepps vegna 2020 seinni umræða.

Helstu niðurstöður eru;

- |                                    |                  |
|------------------------------------|------------------|
| • Rekstrartekjur A og B hluta      | kr. 160.987 milj |
| • Rekstrargjöld A og B hluta       | kr. 161.115 milj |
| • Fjármagnstekjur A og B hluta     | kr. 1.065 milj   |
| • Rekstrarniðurstaða neikvæð upp á | kr. 3.506 milj   |
| • Eignir A hluta samtals           | kr. 269.250 milj |
| • Eignir B hluta samtals           | kr. 257.659 milj |

Eins og fram kemur í fundargerðum sveitarstjórnar í vetur hefur sveitarstjórn haft áhyggjur af rekstrinum og sérstaklega stærsta gjaldaliðnum hjá okkur og setti vinnu í gang strax í janúar til að greina stöðuna og síðan höfum við verið að vinna úr því. Ríkar fjármálalegar skyldur eru á sveitarstjórnarmönnum samkvæmt lögum og mikilvægt að bregðast við minnkuðum tekjum. Reikningurinn samþykktur samhljóða.

4. Umhverfisverkefni 2021. Samþykkt að vera með gáma í stuttan tíma í vor fyrir íbúa eins og verið hefur undanfarin ár, þeir koma í vikunni og verða til 10. júní.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Katrín Gísladóttir ( sign )

Halldór Jónsson ( sign )

Gísli Guðmundsson ( sign )

Atli Sveinn Svansson ( sign )

Eggert Kjartansson ( sign )